

30. 10. 2017

Hverfisnefnd Brekku og Innbæjar

Fundur nr. 47 – haldinn á heimavist Menntaskólans á Akureyri

Mættir: Inga Elísabet Vésteindóttir, Sigmundur Kr. Magnússon, María Jónsdóttir

Fundargerð ritar: Inga Elísabet Vésteinsdóttir

Dagskrá fundar:

1. Aðalstræti – umferðarmál
2. Viðburðir utan miðbæjar - Íslandsnökkvi
3. Önnur mál

Fundargerð:

1. Aðalstræti - umferðarmál

Skipulagsráð samþykkti 08.03.2017 mars sl. tillögu íbúa um að Aðalstræti yrði einstefna til suðurs á ákveðnum kafla og að málið yrði endurskoðað í september 2017. Þann 13.10.2017 barst ósk skipulagsráðs eftir álit hverfisráðs á reynslu af breytingunni.

Formaður (sem einnig er málshefjandi og íbúi á umræddum kafla) telur breytinguna hafa skilað umtalsvert meiri reglu á umferð á umræddum kafla. Fráleitt allir virða einstefnuna, en þrátt fyrir það hefur meginþungi umferðar nú færst frá því að einkennast af óreiðu og umferðarhnútum yfir útreiknanlegan straum frá norðri til suðurs. Benti fundurinn á að engin áhrif væru greinanleg af breytingunni sunnar í Aðalstrætinu (sunnan Hafnarstrætis).

Þar sem formaður er málshefjandi og gætir mikilla hagsmuna sökum búsetu telur fundurinn sig ekki geta talað fyrir hönd allra íbúa á svæðinu og vill því halda íbúafund þar sem tiltekin breyting og reynsla af henni verður rædd ásamt umferðarmálum í innbæjum sem heild. Óskar ráðið hér með eftir þátttöku fulltrúa úr Skipulagsráði og af Skipulagssviði.

Ákveðið var að halda íbúafund í Nóvembermánuði annað hvort í Pakkhúsinu eða í Brekkuskóla. Fundurinn lagði til að fá óvilhalla aðila til fundarstjórnar og ritunar. Markmið fundar að koma með hugmyndir fyrir bæjaryfirvöld að vinna með inn í heildstætt umferðarskipulag á svæðinu.

Auglýsa í Dagskránni og N4. Ganga með bleðla í hús? Facebook.

Fundur er í undirbúningi og verður auglýstur með viku fyrirvara.

2. Viðburðir utan miðbæjar - Íslandsnökkvi

Þann 16.10.2017 óskar Skipulagsráð eftir umsögn hverfisnefndar um leyfisósk til að vera með viðburði um helgar tengda sýningum og reynslusviði á svifnökkvum á Leirutjörn í vetur frá 1. okt 2017 – 15 apríl 2018.

Umsögn hverfisnefndar er svohljóðandi:

Hverfisnefndar Brekku og Innbæjar telur umrædda starfsemi ekki hæfa útivistarsvæði svo nærri íbúabyggð. Svæðið er notað af börnum, gangandi og hjólandi vegfarendur, sem og gæludýraeigendum og dýrum þeirra, ekki síst um helgar. Hljóðmengun af slíkri starfsemi er

óhjákvæmileg, hvort sem er vegna tækja eða mannfjölda. Ólíklegt er að þeir sem nýta svæðið og íbúar nærliggjandi húsa muni setta sig við slíka hávaðamengun og jafnvel aukna umferð bíla um hverja helgi. Svæðið líður núþegar fyrir mikinn umferðarpunga allan ársins hring.

3. Önnur mál

Hverfisnefnd vill koma eftirfarandi á framfæri við bæjaryfirvöld, með ósk um svör:

Fyrirspurn um fjármagn til næsta árs. Stendur til að veita áfram einhverjum fjármunum til umhverfisverkefna á vegum hverfisnefnda, líkt og verið hefur með afmælisstyrkinn sem veittur var til nokkurra ára. Nauðsynlegt er fyrir nefndirnar, hvort sem áframhald verður á fjárveitingu eða ekki, að fá spurnir af stöðunni í tíma þannig að unnt verði að undirbúa verkefni næsta árs með eðlilegum fyrirvara.

Fundi slitið